



Minnisblað

Efni: Ört vaxandi starfsemi bráðamóttöku HSU á Selfossi (BMT).

1. Inngangur

Ört vaxandi íbúafjöldi á Suðurlandi, hækkandi lífaldur Sunnlendinga og fjöldi frístunda-/heilsárssvæða þar sem margir hafa fasta búsetu, ásamt vaxandi fjölda ferðamanna um svæðið, kallar á sterka og góða bráðamóttöku á svæðinu. Markmið HSU er að sinna sem flestum í heimabyggð og árétta það enn mikilvægi bráðþjónustunnar. Íbúafjöldi á Suðurlandi hefur aukist um 10,5% á síðasta ári, eins hefur fjöldi þeirra sem eru 70 ára og eldri aukist á milli árána 2019 og 2021 um 19,9% miðað við tölur Hagstofunnar. Sumarhús á svæðinu eru skv. Þjóðskrá 7.660 talsins og má áætla að fjöldi fólks dvelji þar allt árið um kring, en þó sértaklega um helgar og á sumrin. Samkvæmt Ferðamálastofu fóru 84% ferðamanna um Suðurland síðastliðið sumar og því ljóst að þunginn á svæðinu er mikill og straumur ferðamanna orðinn jafnari yfir allt árið. Ekki má gleyma að nefna hve mörg stór og erfið slys hafa orðið í gegnum árin í umdæminu og hefur bráðamóttakan verið ýmist fyrsti viðkomustaður slasaðra áður en farið er yfir heiðina eða náð að ljúka þjónustu við hinn slasaða.

Að mati framkvæmdastjórnar HSU er bráðamóttakan vanfjármögnuð og stefnir rekstur hennar í óefni ef ekki kemur inn nauðsynlegt viðbótarfjármagn sem tekur mið af ofangreindu. Rekstur bráðamóttökunnar á því ári sem er að líða verður í námunda við 478 m.kr. og hefur vaxið gríðarlega að umfangi á liðnum árum eins og nánar er greint frá hér að neðan.

2. Starfsemi bráðamóttöku HSU

Starfssvæði bráðamóttökunnar er frá Hveragerði að Höfn í Hornafirði eða um 30.983 km² sem jafngildir 30,1% af stærð landsins og þar höfðu í árslok 2020 um 31.388 landsmanna fasta búsetu. Sem dæmi má nefna að árið 2019 voru um 2.915 einstaklingar 70 ára og eldri en í janúar 2021 taldi sami hópur 3.497 einstaklinga, eða aukningu um 27% í þeim aldurshópi einum.

Starfsemi bráðamóttökunnar hefur vaxið mjög síðastliðin ár og námu komur á árinu sem er að líða um 16.218 (des. 2021 áætlaður) samanborið við um 13.955 komur árið 2018 sem jafngildir 16,2% aukningu.

Ár	Fjöldi		
	koma	Br. milli ára	
2021	16.218	2.898	21,8%
2020	13.320	-1.880	-12,4%
2019	15.200	1.245	8,9%
2018	13.955		
Br. milli 2018-2021			16,2%

Árið 2020 var óvenjulegt fyrir margar sakir. Vegna Covid fækkaði ferðamönnum til muna og fólk leitaði síður til læknis. Þrátt fyrir að Covid sé enn til staðar er mikil aukning í skjólstaðingahópi bráðamóttökunnar og okkur þykir ljóst að lítið sé að hægjast á þeirri þróun miðað við aðsóknina í fasteignir á svæðinu.

Í vinnu vegna heilsugæslulíkans HRN hefur vaknað upp sú spurning hvort mikill fjöldi koma á bráðamóttöku megi skýrast af þörf íbúa fyrir heilsugæsluþjónustu en komist ekki þar að. Farið var í mikla vinnu til að greina hvort slíkt gæti verið raunin. Við þessa greiningu kom í ljós að um 15% koma

hefði mátt sinna á heilsugæslunni og var þeim flestum gefinn tími þar næsta dag en ekki sinnt á bráðamóttökunni. Þess ber að geta að bráðamóttakan er eini viðkomustaður fólks á svæðinu eftir klukkan 20 á kvöldin til morguns, þar sem ekki er um neina læknavakt að ræða eins og er á höfuðborgarsvæðinu. Langflest tilfelli sem á bráðamóttökuna leita eru að sönnu vegna bráðavandamála.

Við teljum að starfsemi bráðamóttöku HSU tryggji að fólk leiti síður til LSH vegna bráðamála. Einungis 3,5% tilfella er vísað áfram á LSH og eru það eingöngu skjólstaðingar sem við höfum ekki tök á að sinna, t.a.m rekur HSU ekki skurðstofur.

3. Rekstur bráðamóttökunnar

Í lok árs 2019 var sú breyting gerð í fjárhagsbókhaldi HSU að skráning BMT var gerð sjálfstæð á sjúkrasviði stofnunarinnar (málefнасvið 111), en áður var hún hluti af heilsugæslu (málefнасvið 101). Það þýðir að ekki er hægt að bera saman rekstrartölur fyrir árin þar á undan, en hér að neðan má sjá rekstrartölur fyrir árin 2020 og 2021.

BMT Selfossi 2020	01	08	09	10	11	12	Samt. 2020
Bráðamóttaka læknasvið 14	8.390.428	11.673.206	8.417.327	11.892.791	16.449.280	43.464.298	179.932.066
00 Sértekjur	-1.205.262	-1.136.806	-1.387.386	-1.597.362	-1.533.321	-1.739.900	-15.851.399
01 Laun	6.590.397	9.142.561	7.391.800	8.558.663	11.726.131	38.314.685	146.932.602
04 Aðkeypt þjónusta	2.964.980	3.611.836	2.412.881	3.369.376	5.834.152	6.844.154	45.414.911
Annar rekstrarkostnaður	40.313	55.615	32	1.562.114	422.318	45.359	3.435.952
Sjúkrasvið bráðamóttökunnar 15	9.605.484	17.183.120	764.040	7.613.042	12.156.253	15.750.739	144.597.868
00 Sértekjur	-5.004.876	-4.791.406	-9.309.162	-3.257.884	-2.418.874	-2.933.511	-55.761.954
01 Laun	13.093.108	20.488.816	8.508.559	9.311.256	13.278.955	16.958.057	175.722.864
04 Aðkeypt þjónusta	160.695	284.926	237.937	195.541	215.141	306.004	5.914.922
Annar rekstrarkostnaður	1.356.557	1.200.784	1.326.706	1.364.129	1.081.031	1.420.189	18.722.036
Samtals bráðamóttaka árið 2020	17.995.912	28.856.326	9.181.367	19.505.833	28.605.533	59.215.037	324.529.934

(í des. 2020 var bókuð áunnin orlcfskuldabinding 18,3 m.kr.)

BMT Selfossi 2021	01	08	09	10	11	12	Samt. 2021
Bráðamóttaka læknasvið 14	8.537.225	21.901.204	18.069.160	22.732.962	15.844.773	19.730.993	236.771.921
00 Sértekjur	-7.984.517	-2.310.059	-1.869.163	-1.814.985	-5.014.023	-2.580.082	-30.960.983
01 Laun	13.164.889	16.660.111	12.104.386	16.866.858	17.808.292	16.581.314	198.975.766
04 Aðkeypt þjónusta	3.366.400	7.539.544	7.803.873	7.649.628	3.003.500	5.480.534	65.766.405
Annar rekstrarkostnaður	-9.547	11.608	30.064	31.461	47.004	249.228	2.990.734
Sjúkrasvið bráðamóttökunnar 15	14.526.902	13.038.899	18.351.230	18.514.786	19.972.712	15.893.487	190.721.839
00 Sértekjur	-2.933.105	-7.373.885	-5.669.559	-5.130.767	-2.190.614	-4.508.973	-54.107.680
01 Laun	16.236.513	17.599.596	20.995.130	20.055.235	20.612.387	17.859.709	214.316.503
03 Rekstrarvörur	951.772	2.093.579	1.304.818	2.806.473	1.763.682	1.605.697	19.268.362
04 Aðkeypt þjónusta	83.694	439.653	1.442.013	522.845	-291.154	708.739	8.504.864
Annar rekstrarkostnaður	188.028	279.956	278.828	261.000	78.411	228.316	2.739.791
Samtals bráðamóttaka árið 2021	23.064.127	34.940.103	36.420.390	41.247.748	35.817.485	35.624.480	427.493.760

(feb-júlí faldir til að minnka tcflu)

Hækkun í kr. milli 2020-2021 **102.963.826**
Br. í % milli ára (án staðarvakta) **31,7%**

Áunnin staðarvakafri lækna á heilsugæslu jan-des. 2021 50.140.163
Rekstrarkostnaður bráðamóttöku hér að ofan 2021 427.493.760
477.633.923

Rekstrarkostnaður BMT á árinu 2021 er áætlaður 477,6 m.kr. Framkvæmdastjórn HSU telur að bráðamóttakan sé að stóru leiti vanfjármögnuð því vandséð er að þá fjárhæð sé að finna í fjárheimildum stofnunarinnar. Ef horft er til rekstrarkostnaðs BMT milli árabilsins 2020-2021 hefur starfsemin vaxið að raungildi um 102,9 m.kr. eða sem nemur 31,7%. Hins vegar þarf, þegar horft er á heildarkostnað, að horfa til staðarvaktarfría sem lækna á heilsugæslunni á Selfossi ávinna sér vegna vinnu á BMT og nam sú fjárhæð á árinu 2021 um 50,1 m.kr.

Stutt um heilsugæsluna á Selfossi

Óhjákvæmilegt er þegar horft er til starfsemi BMT á Selfossi að horfa einnig til reksturs heilsugæslunnar á Selfossi. Um langan tíma hefur því verið haldið fram í samræðum milli heilbrigðisráðuneytisins og stjórnenda HSU að aukning á komum á BMT kunni að vera í samhengi og samræmi við fáar komur skráðra á heilsugæslu. Taflan hér að neðan sýnir komur skráðra á stöðina á árinu 2021. Landsmeðaltal er um 21%. Þegar farið var að rýna komutölur á heilsugæsluna, sérstaklega í ljósi gríðarlegs álags á stöðinni á Selfossi, kom það á óvart að komur til dæmis í ágúst 2021 reyndust einungis 5,7% samanborið við 21% á landsvísu.

Farið var í þá vinnu að greina með nákvæmum hætti skráningu í afgreiðslukerfi Sögu í móttöku á Selfossi og reyndist ýmislegt ábótavant. Niðurstaðan var í stuttu máli sú, eins og sjá má í töflunni hér að neðan, að komur skráðra í Árborg eru í nóvember 2021 liggur vel yfir landsmeðaltali, eða 37%.

Tímabil	Hlutfall (%)	Komur skráðra	Skráður fjöldi
2021 jan	15,68%	1618	10322
2021 feb	15,14%	1565	10337
2021 mar	8,17%	847	10361
2021 apr	13,52%	1408	10415
2021 maí	9,13%	955	10463
2021 jún	6,34%	667	10522
2021 júl	5,87%	619	10539
2021 ág	5,73%	607	10592
2021 sep	9,36%	995	10629
2021 okt	13,79%	1474	10688
2021 nóv	37,34%	3996	10703

Helstu ástæður vanskráningar í fjölda koma skráðra á fyrri mánuðum ársins 2021 voru þessar:

1. Komur til sálfræðinga og iðjuþjálfara voru ekki rétt skráðar, voru skráðar sem "núllreikningar".
2. Koma til hjúkrunarfræðings eftir fæðingar voru einnig rangt skráðar, sem "núllreikningar" og í einhverjum tilvikum skráðar sem „ungbarnavernd“.
3. Læknar höfðu í einhverjum tilfellum ekki staðfest komur í afgreiðslukerfi Sögu.
4. Uppgjör komureikninga í móttökustandi skilaði sér til fjárhags en ekki í Sögugrunninn.
5. Tímabókanir og komureikningar sálfræðinga stemmdu ekki sem nam um 1000 komu mismun yfir tímabilið jan-okt. Svo virðist sem ekki hafi verið merkt við mætti/mætti ekki.
6. Borið hefur á því að reikningar úr afgreiðslukerfi í móttöku HSU (sem rekið er af Sjúkratryggingum gegnum Origo) er ekki að skila gögnum í gagnagrunn. Þetta hefur uppgötvast þegar einstaklingar sem hafa greitt verulegar fjárhæðir sjá þær ekki á "mínum síðum" til réttinda varðandi hámarksgreiðslu skv. lögum. Sí þarf að laga þetta með Origo en hefur þau áhrif að umræddar komur eru ekki heldur skráðar á heilsugæslu.

4. Mönnun og þekking

Á bráðamóttökunni starfa sérfræðingar í bráðlækningum samhliða vel menntuðum hjúkrunarfærðingum, en 80% af þeim eru með sérmenntun í bráðahjúkrun.

HSU rekur jafnframt sjúkraflutninga/utanspítalþjónustu á öllu Suðurlandi og samþætting og samfella í þessari þjónustu kemur m.a. fram í flotastýringu sem skilar sér í styttri fjarveru úr héraði fyrir sjúkrabíla sem koma langt að. Starfsfólk sjúkraflutninga HSU hefur margt hvert lokið hæsta menntunarstigi í sjúkraflutningum. Með þessari fagþekkingu tryggjum við örugga og öflugra þjónustu til skjólstæðinga okkar hvar sem er í umdæminu.

5. Ávinningur við bráðamóttöku HSU

- Þjónusta nær skjólstæðingnum.
- Mikil samvinna milli bráðamóttöku, sjúkraflutninga, heilsugæslu og þar með heimahjúkrunar sem eykur samfellu í þjónustu við skjólstæðinga.
- Skjótari bráðaþjónusta þar sem ekki þarf að fara alla leið til Reykjavíkur.
- Mikil þekking og reynsla í mannauði HSU.
- Léttir á LSH.
- Dregur úr bráðaakstri á milli svæða.

6. Lokaorð

Tilgangur þessa minnisblaðs er að vekja athygli HRN á mikilvægi þess að bráðamóttakan á Suðurlandi verði skilgreind og fjármögnuð sem skyldi. Ef það kemur ekki til sjáum við okkur knúin til að draga úr þjónustunni sem að okkar mati væri óráðlegt. Þörfin á bráðaþjónustu kemur glögglega í ljós í þeim starfsemistölum sem greint hefur verið frá hér í þessu minnisblaði. Það er einlæg ósk okkar í framkvæmdastjórn HSU að HRN taki þátt í þeirri mikilvægu uppbyggingu á bráðaþjónustunni á Selfossi. Þörfin fyrir bráðaþjónustu mun vaxa á komandi árum og því er mikilvægt að bregðast við þeirri þróun nú þegar svo hægt verði að sinna þjónustunni í heimabyggð sem að öðrum kosti myndi óhjákvæmilega færast yfir til LSH.


Viðauki

Dýpri gögn yfir starfsemina

Hér er að finna skjámyndir af dýpri starfsemistölum úr gagnagrunni Sögu/Sjúkratrygginga, s.s. hvaðan einstaklingar eru að koma (skráðir á Suðurlandi, ferðamenn, sumarhúsaeigendur oþh.), aldur þeirra og tegundarskráningar koma. Athugið að tölurnar eru miðaðar við 1.janúar – 8. desember milli ára.


Bráðamóttaka HSU (BMT) 2018-2021

Fjöldi koma og einstaklinga á BMT - Selfossi frá 1. jan. til 8. des.



Komugreining á BMT 2018-2021

Fjöldi koma á BMT - Selfossi frá 1. jan. til 5. des. hvert ár - niður á vikunúmer



Komum á BMT hefur fjölgað um rúmlega 1.500 (um 13%) frá sama tíma 2018, þrátt fyrir að komum þeirra sem eiga ekki lögheimili á Íslandi hefur fækkað um rúmlega 1.000 á tímabilinu. Sjá má þróunarlinu (e. trend line) í komum 2021 með rauðu brotalínunni á myndinni - ákveðið hækkandi uppávið

Hverjir koma á BMT 2018-2021 - framhald


Fjölgunin hefur verið að miklum meirihluta hjá íbúum Suðurlands. Einnig hefur orðið fjölgun hjá þeim sem eru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, enda er stór frístundabyggð í sveitum Suðurlands. Fækkun þeirra sem eru með lögheimili utan Íslands hefur fækkað verulega frá 2018.

Fjöldi koma á BMT - Selfossi frá 1. jan. til 8. des. hvert ár - niður á heilbrigðisumdæmi

Heilbrigðisumdæmi	Fjöldi koma 2021	Fjöldi koma 2020	Fjöldi koma 2019	Fjöldi koma 2018	Breyting milli 2018 og 2021
Totals	15.384	12.482	14.388	13.028	17,5%
Suðurland	12.577	9.664	10.348	9.191	36,8%
Höfuðborgarsvæðið	1.559	1.584	1.541	1.435	8,6%
UTAN UMD/EMA	695	948	1.695	1.945	-64,3%
Suðurnes	225	187	188	167	34,7%
Norðurland	93	116	126	136	-28,5%
Vesturland	93	86	142	100	-7,8%
Austurland	33	27	48	37	-10,8%
Vestfirðir	29	18	20	23	26,1%

Ástæða heimsóknar á BMT 2018-2021

Ástæða heimsóknar - BMT Selfossi frá 1. jan. til 8. des. hvert ár



Mesta fjölgunin hefur orðið í komum er tengjast veikindum en þær eru bókaðar sérstaklega. Komum vegna slysa hefur fjölgað frá fyrra ári ásamt því að byrjað var að skrá sérstaklega komur sem tengjast Covid-19 veikindum árið 2021